

REGLUGERÐ

um listamannalaun.

1. gr.

Hlutverk Launasjóðs rithöfunda, Launasjóðs myndlistarmanna, Tónskáldasjóðs og Listasjóðs er að veita almenn listamannalaun samkvæmt lögum um listamannalaun nr. 35/1991 og reglugerð þessari. Við ákvörðun framlaga úr sjóðum þessum skal miða við það að þau verði til þess að stuðla að eflingu listsköpunar í landinu og skapa listamönnum, sem starfslaun hljóta grundvöll til þess að geta helgað sig óskiptir listsköpun sinni.

Almenn listamannalaun skiptast í starfslaun og náms- og ferðastyrki svo og sérstök framlög til listamanna sbr. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum:

- a. Launasjóði rithöfunda
- b. Launasjóði myndlistarmanna
- c. Tónskáldasjóði
- d. Listasjóði.

3. gr.

Yfirumsjón með sjóðnum skv. 1. mgr. 1. gr. er í höndum stjórnar listamannalauna. Menntamálaráðherra skipar stjórn listamannalauna þremur fulltrúum til þriggja ára í senn, einum tilnefndum af Bandalagi íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla ef stofnaður verður og loks einum án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn listamannalauna úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar þriggja manna úthlutunarnefndar, sem skipaðar eru árlega af menntamálaráðherra, fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða, þ.e. Launasjóð myndlistarmanna, Launasjóð rithöfunda og Tónskáldasjóð veita fé úr þeim sbr. 6.–8. gr. laga nr. 35/1991. Úthlutunarnefndirnar skipta sjálfar með sér verkum.

Allir sjóðirnir veita starfslaun svo og náms- og ferðastyrki, en auk þess veitir Listasjóður sérstök framlög til listamanna, m.a. til þeirra sem náð hafa 60 ára aldri hinn 31. desember 1991 og notið hafa listamannalauna undanfarin ár samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar Alþingis. Stjórn listamannalauna setur viðmiðunarreglur um hlutfall náms- og ferðastyrkja af úthlutunarfé einstakra sjóða samkvæmt 2. gr. laga nr. 35/1991, en endanleg ákvörðun í þeim efnum er í höndum einstakra úthlutunarnefnda. Miðað skal við að úthlutun almennra listamannalauna fari fram fyrir 1. mars ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna og fulltrúa í úthlutunarnefndum, sem greiðist af fé sjóðanna.

4. gr.

Stjórn listamannalauna annast m.a. vörslu og bókhald sjóða skv. 2. gr. og heldur skrá yfir þá sem njóta greiðslna úr sjóðnum. Er stjórninni heimilt að semja við aðra aðila um framkvæmd þeirra verkefna að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

Stjórn listamannalauna sér til þess að auglýst sé með venjulegum hætti eftir umsóknum um veitingu starfslauna og náms- og ferðastyrkja úr sjóðunum og lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr sjóðunum. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil, verðlaun og viðurkenningar, greinargerð um verkefni það sem liggur til grundvallar umsókninni, hve langan starfstíma sótt er um og tekjur s.l. árs. Sé sótt um náms- og ferðastyrki skal gera á skýran hátt grein fyrir tilgangi ferðarinnar eða tilhöggun námsins. Stjórn listamannalauna ákveður að öðru leyti og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn.

5. gr.

Starfslaun skulu veitt listamönnum til hálfis eða eins árs, til þriggja til fimm ára. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Starfslaunaþegar skulu vera á skrá hjá Stjórn listamannalauna og fá greitt mánaðarlega. Starfslaunaþegar skulu eiga kost á aðild að söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur stjórn listamannalauna skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu. Kjósi starfslaunaþegi svo, geta iðgjaldagreiðslur runnið til annars lífeyrissjóðs. Þá getur greiðsluþegi og valið að um starfslaun hans og lífeyrissjóðsframlag vegna þeirra fari samkvæmt reglum um þá sem stunda sjálfstæða starfsemi sbr. 4. gr. laga nr. 35/1991.

Þeir sem njóta starfslauna skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir fá greidd starfslaun og skulu þeir skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum.

6. gr.

Áður en til úthlutunar starfslauna kemur úr Listasjóði skal stjórn listamannalauna taka frá þann hluta fjárveitingarinnar sem ætlaður eru til greiðslna til þeirra, sem notið hafa listamannalauna undanfarin ár samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar Alþingis sbr. 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar og til greiðslu náms- og ferðastyrkja.

Helmingur starfslauna úr Listasjóði skal veittur leikhúslistafólki s.s. leikurum, leikstjórum, listdönsurum, danshöfundum, óperusöngvurum og leikmyndahönnuðum. Stjórn listamannalauna er heimilt að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar við úthlutun starfslauna úr Listasjóði.

7. gr.

Er úthlutunarnefndir hafa lokið störfum skulu þær senda Stjórn listamannalauna niðurstöður sínar til afgreiðslu. Stjórn listamannalauna skal árlega taka saman skýrslu um starfsemi sjóðanna, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðunum. Skýrsla þessi skal send menntamálaráðuneytinu og Bandalagi íslenskra listamanna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. laga um listamannalaun nr. 35/1991 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar falla úr gildi reglur um starfslaun listamanna nr. 165/1969 og reglugerð um Launasjóð rithöfunda nr. 437/1979.

Menntamálaráðuneytið, 27. janúar 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um Byggðastofnun.

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Byggðastofnun er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.